

Alþingi

Fundi nr. 5 117 1239

komudagur 6 112 1993

Reykjavík, 3. desember 1993

Að gefnu tilefni vil ég með bréfi þessu leitast við að ræða nokkru nánar en ég gerði á fundi Allsherjarnefndar 29. nóvember fyrri málsgr. 2. gr. í frumvarpi á þingskjali 104 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðisins. Þar segir: "Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur Félagsdómur leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála, sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar."

Er ástæða til að minna fyrst á verkefni þau, sem Félagsdómur hefur með höndum, en um þau segir í 44. gr. laga nr. 80/1938 meðal annars:

"Verkefni Félagsdóms er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærur um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmetra vinnustöðvana.
2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærur um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.
3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðiljar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 3 af dómendum því meðmæltir. ..."

Í lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er sérstakur kafli (4. kafli) um Félagsdóm. Þar eru dómnum falin mikilvæg verkefni, en vísa verður í 26. gr. laganna um einstök atriði.

Í aðfararorðum laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið segir meðal annars, að aðilarnir geri sér "ljóst mikilvægi framþróunar í félagsmálum, þar á meðal jafnréttismálum karla og kvenna, á Evrópska efnahagssvæðinu og láta í ljós vilja sinn til að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir, skapa skilyrði fyrir fullri atvinnu, bættum lífskjörum og bættum starfskilyrðum ..."

Í XVIII. viðauka við samninginn um efnahagssvæðið er fjallað um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, vinnurétt og jafnrétti kynjanna. Einn kafli þessa viðauka er

um vinnurétt. Þar eru nefndar þrjár tilskipanir sem um skuli gilda ákvæðið um hina svokölluðu altæku aðlögun.

Hin fyrsta fjallar um samræmingu á lögum um hópuppsagnir. Um þetta atriði voru sett hér á landi lög nr. 95/1992, sem tóku gildi 1. janúar sl. Hin næsta er um "samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota." Um þetta gilda hér á landi lög nr. 88/1990 um ríkisábyrgð á launum. Loks er að nefna tilskipun um "samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar". Um þetta hafa verið sett lög nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.


Mér sýnist að af þessu megi ráða, að hugsanlegt sé, að fyrir Félagsdóm komi til dæmis mál um hópuppsagnir. Getur þá staðið svo á, að lögín, sem byggð eru á reglum Evrópska efnahagssvæðisins, séu ítarlegri en samningur stéttarfélags við atvinnuveitendur og þarf þá oft að skýra þau lög. Er ekki útilokað, að þá væri æskilegt að leita til EFTA-dómstólsins um lögskýringu. Ég tel þess vegna óráðlegt að fella úr frumvarpinu á þingskjali nr. 104 ákvæðið í 1. mgr. 2. gr. um Félagsdóm.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið felur í sér, að Félagsdómur geti óskað álits EFTA-dómstólsins með sama hætti og aðrir dómstólar skv. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr.

Þó að ástæðulaust ætti að vera, læt ég þess getið, að álitsumleitun sú, sem um ræðir í frumvarpinu á þingskjali nr. 104, er ekki áfrýjun til erlends dómstóls.

Ég leyfi mér að bæta því við að æskilegt sýnist að 2. mgr. 2. gr. verði sjálfstæð grein (3. gr.). Virðist mér æskilegt að orða ákvæðið þannig: Hæstiréttur getur jafnan kveðið upp úrskurð eins og lýst er í 1. og 2. mgr. 1. gr. vegna máls, sem fyrir honum er rekið.

Virðingarfyllst


Þór Vilhjálmsson

Frú Sólveig Pétursdóttir
formaður Allsherjarnefndar
Alþingi